

Vildi ekki Kjarvalsstaðanafnið

„Ég tel óeðlilegt að velja aðal-listsýningarhúsi borgarinnar nafn ákveðins listamanns“, sagði Albert Guðmundsson, borgarfulltrúi, þegar við ræddum við hann í morgun. En Albert sat hjá við atkvæðagreiðslu um tillögu, sem gerði ráð fyrir því, að Myndlistarhúsið á Miklatúni verði nefnt „Kjarvalsstaðir“ í framtíðinni. Sú tillaga var samþykkt með fjórum samhljóða atkvæðum.

„Ekki hefði verið óeðlilegt, að einn salur hússins hefði verið nefndur eftir listamanninum, en alls ekki húsið allt, nema þá ef aðeins ætti að sýna þar listaverk hans“, sagði Albert ennfremur.

Albert sagði, að ef endilega ætti að kenna húsið við einstakan listamann, þá kæmi enginn annar til greina en fyrsti íslenski listamaðurinn.

Vegna þessarar skoðunar sinnar hefði hann setið hjá við atkvæðagreiðsluna og látið bóka eftirfarandi athugasemd:

„Ég tel miður, að Myndlistarhúsið við Miklatún verði kennt við Jóhannes Kjarval einan, þótt ég telji ekki óeðlilegt, að annar salur hússins beri nafn Kjarvals og tel enga hefð hafa skapast um nafngift á húsinu og mun af þeim sökum sitja hjá við atkvæðagreiðsluna um nafngiftina“.

Dómkvaddir matsmenn skoða Datsun-bíla

Tveir dómkvaddir matsmenn vinna nú ótullega við að tollmeta Datsun bílana, sem selja átti á innan við hálfvirkdi, vegna þess að þeir höfðu skemmt af reyk. Afturkallaði fjármálaráðuneytið leyfi sitt til sölu á bílunum, tolluðum samkvæmt erlendu kaupverði, og krafðist nýs tollmats á bílunum.

Voru dómkvaddir matsmenn og tóku þeir til starfa s.l. mánudag. Er starf þeirra allerfitt, þar sem þeir þurfa að kanna alla hugsanlega galla á bílunum, sem margir hverjir munu ekki koma fram nærri strax. Samkvæmt upplýsingum, sem Jón Grétar Sigurðsson, fulltrúi tollstjóra, gaf blaðinu í morgun, verður reynt að flýta þessu máli eins og unnt er. Er jafnvel ekki útilokað, að endanlegt tollmat liggi fyrir í lok þessarar viku.

Munu matsmennirnir halda fund í dag og ræða þetta mál. Ekki verður unnt að skoða alla bílana, en þess í stað verða tekin nokkur úrtök. Bílarnir hafa allir verið fluttir úr tollafgreiðslunni og verið ryðvarðir, en slíka heimild er hægt að fá já toll-yfirvöldum. eru þeir nú flestir hjá innflytjandanum, Ingvari Helgsyni og bíða þar eigenda sinna, þar til endanlegt tollmat liggur fyrir. — PS



FÉLL Í YFIRLIÐ Á ÚTSÖLU Í BORGinni!

Lög um útsölur síðan 1933

Það eru oft sagðar skemmtilegar sögur af æsingi kvenmanna á útsölum. Ein slík var Vísismönnum sögd í gær, þegar þeir litu við á útsölum borgarinnar, og hefði sú sómt sér vel hvar sem væri. Það leið

yfir tvær konur á útsölu í verzluninni Faco á Laugavegi.

Geysimikill troðningur var í verzluninni og nokkuð loftlaust orðið þegar konurnar bar að garði! Skipti það engum togum, þær létu yfirbugast af látunum og voru fluttar í herbergi inn af verzluninni. Þar var þeim hjálpað eftir beztu getu, þar til

þær voru færar um að leggja út í lætin á ný!

Þetta er ákaflega óvenjulegt, og að sögn afgreiðslumanns í verzluninni hafði þetta ekki komið fyrir áður. En útsölur eru í fullum gangi, eins og dæma má af þessu.

Þegar gengið er niður Laugavegin, standa mörg skilti í verzlunum, þar sem á stendur útsala, og þá er tækifarið til þess að gera góðu kaupin. Það vill þó oft fara svo, að margt er keypt, sem enginn virðist svo

hafa not af síðar meir.

Lögin, sem gilda um tíma útsala, eru síðan árið 1933, en þá ríkti ennþá konungur yfir Íslandi. Hafa fæst lög haldizt óbreytt síðan á þeim tíma!

Útsölur er heimilt að halda á tímabilinu frá 10. janúar til 10. marz og frá 20. júlí til 5. september. Verzlunum er heimilt að hafa útsölur tvisvar sinnum á ári, og þá ekki lengur en einn mánuði í einu, eða þá einu sinni á ári og þá ekki lengur en í 2 mánuði. —EA.



Það er mikið að snúast í verzlunum þessa dagana, þar sem útsölur eru, en nú eru haustútsölurnar að hefjast af kappi. Mynd þessa tók ljósm. í verzluninni Faco, en þar leið yfir tvær konur í öllum troðningum.

ÖSKUTUNNUVAKTIN GERÐ HLÆGILEGA LÉTT

Nú hefur sjálfvirknin náð til sorptunnanna. Í einni blokk í Breiðholtinu, Asparfelli 2, hefur verið komið fyrir sjálfvirkum sorptunnuútbúnaði, smíðuðum af gríska vélvirkjanum Mikael Magnússyni. Þetta er fyrsta tækið, sem tekið er í notkun hérlandis, en smíði þess tók um tvo mánuði, að því er Mikael sagði.

Þegar hafa verið pöntuð fimm önnur tæki í blokkina Asparfell 2-12, en það er BSAB, sem byggði þá blokk. Reynslan af fyrsta sorptunnuútbúnaðinum hefur verið góð, en tækið hefur verið staðsett í blokkinni frá því á föstudag.

Húsvörðurinn þar, Einar Guðlaugsson, sagði, að hingað til hefði hann þurft að lita inn í sorpgeymsluna 3svar á sólarhring, en nú þarf hann ekki að hafa eftirlit með þessu nema annan og þriðja hvern dag.

Tækið er þannig útbúið, að 6 tunnum er komið fyrir á plötu, sem er um 1.80 m á breidd. Breidd herbergis þess, sem tækið er staðsett í, þarf því að vera um 1.90 m á breidd. Á miðri plötunni er rafmótor, sem stjórnað er af eins konar rafeindaauga. Rafeindaauganu er komið fyrir á sorprennslinu, og í hvert sinn, sem tunna fyllist, slökknar ljós-

geisli í rafeindaauganu og veldur því, að platan snýst fram til næstu tunnu.

Þannig fyllist hver tunna á fætur annarri, en þegar allar eru orðnar fullar, kviknar aðvörunarljós. Ráðgert er svo að koma fyrir tengi upp í íbúð húsvardarins, Einars, þar sem hann getur fylgt með því, hvenær ljósið slökknar.

Hann þarf þá ekki að fara niður í geymslurnar nema einu sinni á viku.

Sérstakur takki er svo fyrir sorphreinsunarmenn, sem þeir yta á til þess að fá tunnurnar til sín á þægilegan hátt.

Ekkert skilyrði er, að tunnurnar séu sex, heldur er hægt að fá fleiri, ef húsrými leyfir. Mikael

— óvinsælasta skylduverkið í blokkunum leyst með nýrri uppfinningu

sagði, að útbúnaðurinn kostaði um hundrað þúsund krónur, en hann hefur þegar tryggt sér einkarétt á honum. —EA.



„Nú þarf ég ekki að lita niður nema annan og þriðja hvern dag á móti 3svar sinnum á sólarhring áður“, sagði húsvörðurinn Einar Guðlaugsson.